



Borgarráð

Golfklúbbur Reykjavíkur - samkomulag um uppbyggingu við Barðastaði

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að samkomulagi við Golfklúbb Reykjavíkur vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Barðastaði.

Greinargerð:

Með erindisbréfi, dags. 6. október 2016, skipaði borgarstjóri starfshóp um svæði Golfklúbbs Reykjavíkur (hér eftir GR). Starfshópurinn var skipaður á grundvelli erindis GR um samstarf og styrk til að vinna frekar áætlanir varðandi uppbyggingu klúbbsins. Í kjölfarið undirrituðu Reykjavíkurborg og GR viljayfirlýsingu þann 30. nóvember 2017 um að láta vinna sameiginlega deiliskipulagsáætlanir fyrir nýjar atvinnulóðir og mögulega einnig íbúðir að hluta á svæðum sem GR hefur haft til umráða í Grafarholti og Korpúlfsstöðum. Vinnuhópur hefur skilað hugmyndum sem nýtast í vinnu við nýtt hverfisskipulag sem er í vinnslu.

Samkvæmt meðfylgjandi samkomulagsdrögum er gert ráð fyrir að GR skili til Reykjavíkurborgar hluta af því svæði sem þeir hafa haft afnot af við Barðastaði. Gert er ráð að GR byggi við og breyta æfingaaðstöðu í Básum og verða fjármunir sem GR fær vegna sölu lóða nýtt í þær framkvæmdir.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Drög að samkomulagi

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Golfklúbbur Reykjavíkur, kt. 580169-7409, Vesturlandsveg Grafarholt, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt GR, gera með sér eftirfarandi

samkomulag II vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og fyrsta áfanga endurbóta á aðstöðu félagsins

1. gr.

Inngangur

Reykjavíkurborg og GR undirrituðu þann 30. nóvember 2017 viljayfirlýsingu um að láta vinna sameiginlega deiliskipulagsáætlanir fyrir nýjar atvinnulóðir og mögulega einnig íbúðir að hluta á svæðum sem GR hefur haft til umráða í Grafarholti og Korpúlfsstöðum. Vinnuhópur hefur skilað hugmyndum sem nýtast í vinnu við nýtt hverfisskipulag sem er í vinnslu.

GR og Reykjavíkurborg gengu síðan frá samkomulagi þann 4. desember 2019 um lóð merkt G1A á Krókhálsi. Samkomulag þetta er síðan um lóð í Staðahverfi merkt K3 við Barðastaði.

2. gr.

Skil á svæði við völl félagsins á Korpúlfsstöðum

GR skilar til Reykjavíkurborgar því svæði sem þeir hafa haft austan við Staðahverfi merkt þróunarsvæði K3 á fylgiskjali 1 sem er hluti þessa samkomulags.

3. gr.

Ný lóð við Barðastaði (K3)

Reykjavíkurborg stefnir að því að úthluta lóð eða lóðum sem til verða á því svæði sem GR losar við Barðastaði og mun ákveða söluverð lóða. Í fyrstu hugmyndum er gert ráð fyrir um 21.650 m² lóðum og byggingarmagn yrði um 16.500 m² með nýtingarhlutfall 0,76.

4. gr.

Skipting á söluverði byggingarréttar

Reykjavíkurborg og GR eru sammála um að 50% af söluverði byggingarréttar sem kann að fást vegna aukins byggingarmagns á svæðinu skuli renna til uppbyggingar fyrir GR.

5. gr.

Skipulagsvinna, breytingar gatnakerfi og lóð

Reykjavíkurborg tekur að sér að láta gera nýtt skipulag vegna lóðar K3 og breyta gatnakerfi ef það telst nauðsynlegt og greiðir kostnað vegna þessa.

6. gr.

Breytingar á golfsvæði vegna nýrrar lóðar

GR tekur að sér að breyta æfingasvæði og golfbrautum ef þörf verður á því og greiðir kostnað vegna þessa.

7. gr.

Framkvæmdir

Þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að fara í við Grafarholtsvöll er viðbygging við Bása, fyrir innanhússæfingaaðstöðu.

Framkvæmdin verður alfarið á vegum GR og er áætlaður kostnaður 500 m.kr.

Greiðsla Reykjavíkurborgar vegna lóðar við Krókháls verður í samræmi við samkomulag Reykjavíkurborgar og GR frá 4. desember 2019.

Reykjavíkurborg mun greiða GR fyrirfram allt að 250 m.kr. af áætluðu söluverði byggingaréttar lóða við Barðastaði sbr. 3. og 4. gr. samnings þessa verði þörf á því vegna framkvæmdahraða. Komi til þess að lóð K3 verði ekki samþykkt munu aðilar koma sér saman um annað svæði samk. tillögum um uppbyggingu á svæðum sem GR hefur haft til umráða. Uppgjör mun síðan fara fram þegar lóðarsölu er lokið.

Aðilar eru sammála um að skipa byggingarnefnd fyrir verkefnið þar sem að GR skipar tvo fulltrúa og Reykjavíkurborg tvo fulltrúa.

Reykjavík 15. júlí 2022

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Golfklúbbs Reykjavíkur

Vitundarvottar að rétttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:

Kt.

Kt.

Fylgiskjal 1

Tillaga að nýrri lóð við Barðastaði

